**ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK**

**UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**11. FUNDUR.**

11. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra var haldin í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga mánudaginn 07. október. Vara formaður setur fundinn Kl. 15:52. Mættir undirritaðir.

## Dagskrá.

1. Íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnir mögulegt samstarfsverkefni með stýrishóp um forvarnir.

2. Kynnig á mögulegri heimsókn Vals Rafns Halldórssonar.

3. Ástríður Halla - Styrktarumsókn v/ferðar Æskulýðsfélags Hvammstangakirkju.

4. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. Rætt um þátttöku í samstarfsverkefni með stýrihóp um forvarnir. Hugmynd um að fá gestafyrirlesara til að fjalla um einelti á netinu, bæði fyrir börn og foreldra. Samþykkt að kanna kostnað og verður hann kynntur ráðinu á næstu vikum.
2. Rætt um að fá Val Rafn í heimsókn til að kynna starf sitt og virkja ungmennaráðið. Hann er tilbúinn að koma en dagsetning er óráðin.
3. Miðað við þá upphæð sem hver einstaklingur greiddi fyrir ferðina í fyrra, samkvæmt þátttakendum, telur Ungmennaráð ekki þörf á að styrkja ferðina í ár.
4.
   - Ragnar Bragi lagði fram tillögu að lið á næsta fundi Ungmennaráðs undir heitinu ,,verkefni í desember”
   - Ragnar Bragi og Ástríður Halla fjölluðu um óhagstæða staðsetningu á ruslatunnu við körfuboltavöll grunnskólans á Hvammstanga. Ragnar Bragi mun senda umhverfisstjóra bréf og spyrjast fyrir um möguleika á tilfærslu á tunnunni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 16:27

Sara Ólafsdóttir

Emilía Diljá Stefánsdóttir

Ragnar Bragi Ægisson

Ástríður Halla Reynisdóttir

Karólína Gunnarsdóttir
Íþrótta- og tómstundafulltrúi